

TÆKNIMINJASAFN AUSTURLANDS

HAFNARGÖTU 44 , 710 SEYÐISFIRÐI SÍMI:472-1596 NETFANG: tekmus@sfk.is

FUNDARGERÐ

Fundur í stjórn Tækniminjasafns Austurlands **þriðjudaginn 29. júní 2004** á skrifstofu safnsins á Gömlu símstöð.

Mættir; Jón Guðmundsson, Grétar R. Benjamínsson, Björn Hansson og Pétur Kristjánsson.

1. Farið yfir ársreikninga 2003 og þeir samþykktir.
2. Forstöðumaður kynnti stöðu verkefna. Engar athugasemdir.
3. Forstöðumaður kynnti þær sýningar og starfsemi sem fyrirhuguð er á árinu. Efst á baugi er nýopnuð sýning í Símsstöðvarhúsinu sem allir fundamenn voru ánægðir með. Þá var og kynning á rannsóknarstarfi Elfu Hlínar Pétursdóttur og bryggjuhúsaverkefninu.
4. Lögð var fram greinargerð um starfsemi fyrsta ársfjórðungs.
5. Tilboð Byggðastofnunar vegna leigu og síðar kaupa á “Netaverkstæðishúsi” lagt fram og forstöðumanni falið að ljúka málinu á þeim nótum sem þar koma fram.
6. Rætt um tekjuöflun safnsins og rekstraröryggi. Nauðsynlegt er að safnið hafi loforð um tekjur einhver ár fram í tímann. Forstöðumaður mun vinna að því eins og hægt er.
7. Fjallað um launa og starfsmannmál og rætt lauslega um bifreiðakostnað, símakostnað og starfsmannahald almennt.
8. Engin önnur mál.

Samþykkt.:

Pétur Kristjánsson, forstöðumaður ritaði.

Vagga tækninnar á Íslandi.



TÆKNIMINJASAFN AUSTURLANDS

Hafnargötu 44, 710 Seyðisfirði sími:472-1596 fax:472-1567 tekmus@sfk.is